

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018,
landfyllingar á hafnarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í tveimur 0,3 ha landfyllingum í Akureyrarhöfn. Annars vegar vegna stækkunar svæðis/lóðar fyrir hafnsækna starfsemi og hins vegar vegna endurnýjunar á gömlum viðleguköntum. Einnig eru tvö hafnarsvæði sameinuð í eitt svæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. janúar 2008

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2008